

81
28. okt.

AUGLÝSING

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðis- samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjölög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað, sem bæjarstjórnin hefir samið og samþykkt.

Heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Heilbrigðissamþykktin gildir fyrir alla kaupstaðarlóðina. Fyrir utan bæinn skal þó aðeins beitt þeim ákvæðum samþykktarinnar, sem við verður komið og heilbrigðisnefnd telur þörf á.

2. gr.

Bæjarfógetinn er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni hjeraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórn kys jafnframt föstum nefndum og fyrir sama tíma.

Bæjarstjórn skipar heilbrigðisfulltrúa og setur honum erindisbrjef. Skal hann hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismálanna samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skytt er honum að sækja nefndarfundir.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þegar honum þykir þurfa eða einhver nefndarmanna óskar þess. Nefndin skal halda fundarbók yfir gerðir sínar.

Formaður skal annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni er heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem ræðir um í samþykkt þessari, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaferi eða eign einstakra manna.

Einu sinni á ári skal nefndin skoða eða láta skoða öll mannvirki á því

svæði, sem samþykktin nær yfir. Er henni heimilt að skifta skoðuninni niður á nefndarmennina.

81
28. okt.

Heilbrigðisnefnd skal skrásetja í fundarbókina nákvæma skýrslu um þessa árlegu skoðun og taka sjerstaklega fram það, sem aðfinnsluvert er samkvæmt samþykkt þessari. Jafnframt skal hún fyrirskipa hlutaðeigendum skriflega að bæta úr því, sem að er, og sjá um, að það verði gjört. Skal það bókað í gjörðabókina, þegar þær umbætur hafa átt sjer stað.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrífnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr bæjarsjóði, þá skal hún leggja það mál fyrir bæjarstjórn, og fara fram á, að fje sje veitt.

Þó getur nefndin látið gjöra bráðnauðsynlegar þrífnaðarumbætur án samþykkis bæjarstjórnar, ef skjótar aðgerðir þurfa, svo sem ef hættuleg sótt kemur upp í bænum; þó skal svo fljótt sem verða má, leggja slík útgjöld undir samþykki bæjarstjórnar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, sem býr í húsinu, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum þeim skyldum, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvila á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sje húsráðandi. Ef þessu er ekki fylgt, hvílir ábyrgðin bæði á húseiganda og leigjendum, og getur nefndin haldið sig að hvorum, sem hún vill, eða báðum.

II. Um hreinlæti og þrífnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa umsjón með hreinsun torga og óbygðra lóða. Enginn má fleygja sorpi, fiskúrgangi eða neinum öðrum óhreinindum á götur torg eða í sjóinn fyrir innan hafnargarða (innri höfn), eða á nokkurn þann stað, er af geti stafað óþrífnaður eða óhollusta. Þó getur bæjarstjórn breytt þessu ákvæði og samþykkt að leggja holræsi út í innri höfn, en jafnframt skal gerð ráðstöfun til þess að menn geti náð í hreinan sjó. Hver húseigandi er skyldur að láta hreinsa til kringum hús sitt og á lóð sinni.

Saur úr kömrum eða safnþróum má eigi flytja um bæinn, nema að nóttu til, frá kl. 8 að kvöldi til kl. 8 að morgni.

Allur óþverri, sem mikill ódaunn stafar af, svo sem saur eða skítur úr safnþróum og fiskúrgangur, skal ekið í lokuðum aktækjum. Ákveður heilbrigðisnefnd gerð aktækjanna og skal hvert þeirra löggilt með greinilegu merki. Þó getur heilbrigðisnefnd leyft að aka fiskúrgangi í opnum bifreiðum eða vögnum, ef tryggilega er frá því gengið, að ekki fari upp úr þeim.

81
28. okt. Skólpræsi meðfram götum mega ekki vera opin og í þau má aldrei láta annað en rennandi skólþ. Skulu þau jafnan hreinsuð áður en óðaun fer að leggja af þeim.

Ef slor er borið í garða inni í bænum eða nærri íbúðarhúsum, skal það grafið vandlega niður þegar í stað, ef frost hamlar ekki. Ef ástæða þykir til, getur heilbrigðisnefnd bannað algerlega að bera slor í garða inni í bænum.

8. gr.

Á hús og girðingar meðfram götum og torgum má hvorki hengja eða festa fiskiföng, fuglaspílur eða annað, sem óþrifnaður eða óþefur stafar af. Ekki má heldur hafa fisk á trönum á almannafæri. Ekki má geyma fiskúrgang eða fiskafurðir þar, sem óþrifnaður er að eða svo lengi, að óðaun leggi af.

9. gr.

Einstakir menn eru skyldir að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð kringum hús sín. Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Hver, sem það gjörir, er skyldur að flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað.

Þar sem svo stendur á, að skólpi verður eigi veitt frá húsum, nema yfir lóð annars manns, skal húseigandinn veita því í steinlímdu, lokuðu ræsi yfir lóðina og annast hreinsun þess ræsis einn saman. Verði hlutaðeigendur eigi ásáttir um rennulagninguna, sker bæjarstjórn úr málinu.

Húseigendur skulu hreinsa ræsi, er ganga frá húsum þeirra og eiga að sjá um, að þau stíflist ekki.

10. gr.

Götur bæjarins og ræsi skal hreinsa á kostnað bæjarins svo oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

III. *Um fráfrensi.*

11. gr.

Þar sem skólpi er hvorki helt í göturæsi nje svelgi, má eigi láta það síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að til óþrifnaðar sje að dómi heilbrigðisnefndar. Öllu skólpi skal veita burt í lokuðum ræsum. Öll skólpræsi, hvort heldur eru eign einstakra manna eða bæjarins, skulu vera vatnsheld og svo víð og hallajöfn, að hvergi út úr flói eða hætta sje á að þau stíflist eða pollar myndist.

12. gr.

Þegar holræsi verða lögð í göturnar á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga á lóðum meðfram götunni, skyldir að gera lokræsi hver frá sínu húsi, út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gerð en göturæsið.

IV. *Um vatnsból.*

81

28. okt.

13. gr.

Öll vatnsból, sem úr er tekið neysluvatn, skulu varin hverskonar óhreinindum. Er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skólp-ræsum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, fisk eða hræ, og ekki þvo nærri þeim fatnað, fisk eða annað það, er óhollustu getur valdið.

14. gr.

Meðan ekki er vatnsleiðsla gjörð í bæinn, er skylda að hafa brunn við hvert íbúðarhús. Skal brunnurinn vera steinlímdu og að minsta kosti $\frac{1}{2}$ meter upp úr jörðinni, og alveg vatnsheldur og lokaður að ofan. Skal svo frá honum gengið, að tryggilegt sje, að engin óhreinindi geti komist niður í brunninn. Þannig skal gengið frá rennum, að þeim megi kippa frá þegar vill og ber þess jafnan að gæta, að láta vatnið af þökunum ekki renna í brunnana fyrst eftir þurka, þegar þökin eru rykug og skítug. Ekki mega brunnar standa svo nærri forum eða kömrum, að valdið geti óhollustu. Áður en brunnur er byggður, skal leita álits heilbrigðisfulltrúa um stað, stærð og frágang. Jafnan skal hafa op á brunnum og hlemm yfir, þar sem ná megi vatni að utan, þegar eldsvoða ber að höndum. Til þess að taka vatn úr brunnum, skal hafa dælur eða krana, en ekki fötur, sem sökt sje niður í vatnið.

15. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilmæmt. Reynist vatnið að vera skaðvænt og eigi hægt að fyrirbyggja, að svo geti orðið framvegis, skal heilbrigðisnefnd fyrirskipa að leggja brunninn niður og má þá eigi hafa vatnið til neyslu. Nefndin getur ennfreður látið fylla brunninn upp, ef henni sýnist þörf á.

V. *Peningshús, haugar og forir.*

16. gr.

Búpening má ekki hafa í íbúðarhúsum. Þar sem þetta á sjer stað nú, getur heilbrigðisnefnd þó veitt undanþágur. Ef einhver vill reisa peningshús eða gjöra for, haugstæði eða haughús, skal hann gjöra heilbrigðisnefnd viðvart áður en verkið er hafið. Skal hann gæta þess, að eftirfarandi fyrirmælum sje hlýtt. Ekkert peningshús má setja svo nærri vatnsbóli, að óhollusta eða óþrifnaður geti af stafað. Fjós má eigi setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum. Básgólf og flór skal gjöra úr steinsteypu og skal hann hallast og útbúið fullnægjandi ílát, er taki við. For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, og ekki nær vatnsbóli eða brunni en nemi 15 álnum.

81

Haugstæði eru algjörlega bönnuð í bænum.

28. okt.

Förir skulu jafnan vera þjettar og svo vel frá þeim gengið að ofan, að hvorki menn nje skepnur detti niður í. Þar, sem hús standa mjög þjett, getur heilbrigðisnefnd bannað forir, þó lengra sje frá íbúðarhúsi en 10 álnir.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá að fjós eða forir hafi fyrirskipaða fjarlægð frá íbúðarhúsum eða brunn-um. Skal það þó jafnan borið undir bæjarstjórn til samþyktar.

17. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru, en samþykt þessi, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar. Hlutaðeigendur geta þó skotið fyrirskipunum nefndarinnar undir úrskurð bæjarstjórnar.

VI. *Um salerni.*

18. gr.

Við hvert hús skal jafnan vera salerni, eitt eða fleiri, eftir stærð hússins og fjölda íbúða. Í hverju salerni skal vera bakþil, þó bygð sjeu upp að öðrum húsum. Skal svo gengið frá setunni, að auðvelt sje að komast að til hreinsunar. Saurilátið skal vera svo stórt, að það rúmi að minsta kosti 2—3 fötur, og ná fast upp að setunni. Hankar sjeu á hvorum enda, sem þoli að það sje borið.

19. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hvenær sem henni þykir þess þörf, að bæjarfjelagið taki að sjer hreinsun á sorpi og salernum á kostnað húseigenda. Skal bærinn hafa einkarjett til sorp- og salernahreinsunar, en bæjarstjórn ákveður gjald það, er borga skal fyrir hreinsunina. Hafa gjöld þessi lög-taksrjett.

Heilbrigðisnefnd skal segja til, hvar láta megi saur og sorp. Sje það látið annarsstaðar en heilbrigðisnefnd segir til, varðar það sektum.

20. gr.

Ef ekkert salerni fylgir húsi, sem eldra er en samþyktin, skal hús-ráðandi hafa komið upp salerni við húsið áður en ár er liðið frá því að samþykt þessi öðlast gildi. Ef salerni við hús, sem eldri eru en samþykt þessi, eru illa gerð, svo mikill óþrifnaður sje að, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að húseigendur gjöri ný salerni, sem gengið sje frá viðunanlega. Vinnuveitendur, sem að jafnaði hafa menn í vinnu á sama stað, skulu skyldir að reisa salerni fyrir þá, sem hjá þeim vinna, til afnota meðan á vinnu stendur.

VII. *Um sorp og önnur óhreinindi.*81
28. okt.

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefir for (safnþró), skal fylgja vatns-heldur sorpkassi og skal hann gerður að fyrirsögn heilbrigðisfulltrúa. Í sorp-kassa þessa skal safna öllu sorpi og ösku, er til fellur frá húsinu. Hús-ráðendur bera ábyrgð á, að sorpinu sje safnað í kassana og það flutt burt, uns bærinn tekur að sjer sorphreinsunina. Ef húseigendur hafa ekki útbúið sorpkassa við hús sín fyrir 1. janúar n. k., getur heilbrigðisnefnd látið gjöra þá á þeirra kostnað.

Sjerhver er skyldur að láta hreinsa af sinni lóð alt rusl, sorp og fisk-úrgang. Ef misbrestur verður á því, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma verkið á kostnað þeirra, sem lóðarumráð hafa.

Öllum ofangreindum kröfum fylgir lögtaksrjettur.

VIII. *Um iðnað, sem að er óhollusta eða óþrifnaður.*

22. gr.

Í kaupstaðnum má engan þann iðnað reka, sem óhollusta eða óþrifn-aður fylgir, svo sem lýsisbræðslu, fóður- eða áburðarverksmiðjur, reykhus, brauðgerðarhús o. þ. l., nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess. Allur slíkur iðnaður er háður eftirliti heilbrigðisnefndar, og fyrirmælum hennar um hreinlæti, bæði utan húss og innan. Þyki heilbrigðisnefnd lýsisbræðsluhús þau, sem nú eru hjer, of nærri bygðinni, og á þeim stað, að valdi óhollustu og óþrifnaði, getur nefndin bannað þar lýsisbræðslu framvegis. Þó skal það borið undir bæjarstjórn til samþýktar.

23. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu vinnufólksins. Í slíkum húsum skal jafnan viðhaft fullkomið hreinlæti og loftræsting vera í góðu lagi.

IX. *Um matvæli.*

24. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að ekki sje höfð á boðstól-um matvara, sem skemd er eða skaðleg fyrir heilsu manna.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara, er vit hafa á, að einhver matvara er skemd eða svikin, og ekki nýti-leg til manneldis. Skal þá lóga vörunni, eða á einhvern hátt gjöra hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, sem vöruna hefir á boðstólum.

81 Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist með
28. okt. öllu óhæfur vegna óþrifnaðar, svo og ef næmur sjúkdómur kemur upp á sölu-
staðnum og hætt við, að veikin geti borist þaðan út.

X. Um sláturhús og kjötbúðir.

25. gr.

Heilbrigðisnefnd skal eftirlíta, að sláturhús sjeu vel þrifuð.

26. gr.

Heilbrigðisfulltrúi skal hafa strangar gætur á, að viðhaft sje full-
komið hreinlæti og þrifnaður við slátrun á sauðfje og yfirleitt við alla með-
ferð á kjöti, sem notað er til manneldis.

Alt kjöt, sem notað er til manneldis í bænum, skal skoðað af lækni og
stimplað eins og kjöt, sem flutt er út.

Það er skylda þess, er slátrar nautum, hestum eða sauðfje, að ráð-
færa sig við dýralækni eða hjeradslækni, þegar grunur leikur á, að einhver
sjúkdómur finnist í kjöti eða innýflum dýranna, sem óttast má, að valdi veik-
indum á mönnum, ef neytt er.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdaudum skepnum eða
þeim er drepnar hafa verið vegna krankleika, nema læknir sje tilkvaddur og
dæmi það ósagnæmt.

27. gr.

Í öllum sölubúðum, sem hafa matvæli á boðstólum, skal viðhafa full-
komið hreinlæti, og á heilbrigðisnefnd að hafa gát á, að svo sje.

Ef einhverju er ábótavant, getur nefndin fyrirskipað það, sem þurfa
þykir til að fulls þrifnaðar sje gætt. Slíkum fyrirskipunum má einnig skjóta
til úrskurðar bæjarstjórnar.

XI. Um mjólkursölu.

28. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin
bannað mjólkursölu á eða frá heimili, þar sem næmur sjúkdómur gengur eða
ástæða er til að ætla, eða vissa fyrir, að kýrnar sjeu veikar.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu, ef óþrifalega er farið með
mjólkina, eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna er í svo löku standi, að
mjólkinn óhreinkist. Heilbrigðisnefnd skal hafa sjerstakt eftirlit með mjólkur-
gæðum og láta rannsaka fitumagn hennar, þegar ástæða þykir til, eigi sjaldn-
ar en einu sinni á ári. Heilbrigðisnefnd er einnig heimilt að fyrirskipa berkla-
rannsókn á kúm.

XII. *Um brauðgerðahús.*

81

28. okt.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðahúsum og brauð-sölubúðum og eru bakarar skyldugir að hlýða fyrirmælum hennar um hrein-læti og þrifnað. Framvegis má enginn reisa brauðgerðahús eða setja bakara-ofn í hús og byrja bakaraiðn eða flytja núverandi brauðgerðahús, fyrir en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar. Nefndin skal binda leyfið því skil-yrði, að útbúnaður sje fullkominn og reykháfurinn sje svo hár, að reykurinn skemmi ekki vatnið af þökunum í kring.

30. gr.

Í brauðgerðahúsum skal gæta alls þrifnaðar. Reyktóbaksnautn er þar bönnuð. Allar stofur og klefa skal hreinsa að minsta kosti einu sinni á dag. Veggj og loft skal mála eða kalka einu sinni á ári.

Enginn má sofa í stofum, sem hafðar eru til brauðgerðar. Brauðgerðar-menn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir og skulu þær jafnan vera hreinar.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Þeir mega ekki vinna við brauðgerð, sem hafa næman sjúkdóm eða opin sár, eða útbrot á höndum eða handleggjum.

XIII. *Um íbúðarhús o. fl.*

31. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðis-nefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað að nota það til íbúðar eða einstök herbergi. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef hús er ekki bætt á þeim tíma svo nefndinni líki.

32. gr.

Hús, sem notuð eru til þess að beita í fiskilínur (beituskúrar) og hús, sem notuð eru til netagerðar (netapláss) skulu þannig úr garði gerð, að drag-súgur sje fyrirbygður. Skal þess sjerstaklega gætt á járnskúrum, að veggir, loft og gólf sje að minsta kosti tvöfalt (pappalagt eða þiljað með trjebiljum). Skal gengið svo frá að ekki komist dragsúgur með gluggum og hurðum. Þó nægir að steinveggir sjeu einfaldir, ef þeir eru steinhúðaðir (pússaðir).

33. gr.

Ef kvartað er yfir því við heilbrigðisnefnd eða hún verður vör við að

81 herbergi í íbúðarhúsi sje svo fult af óþverra, slaga eða myglu, að sjúkdóms-
28. okt. hætta stafi af því, getur nefndin heimtað, að úr því sje bætt tafarlaust.

Nefndin getur bannað íbúð í kjöllum, ef þeir eru mjög rakir eða dimmir og þröngvir.

Í hvert skifti, sem maður leigir íbúð, skal hann tilkynna heilbrigðisnefnd það, svo að hún geti dæmt um, hvort íbúðin sje nothæf leigjendum.

XIV. *Um skóla.*

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða eða láta skoða öll skólahús, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti í byrjun skólaársins.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd og skólanefnd hvar hann ætli að kenna.

35. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór að 90 rúmfet komi á hvert barn að minsta kosti. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

36. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður vör við í skóla börn eða kennara, er hafa næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef heilbrigðisnefnd og lækni þykir ástæða til, má banna að kennarinn eða barnið komi í skólann, þar til sóthættu er lokið.

XV. *Um næma sjúkdóma.*

37. gr.

Ef upp kemur hættuleg farsótt í bænum eða annarsstaðar innanlands, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv. Skulu þau fyrirmæli sett í samráði við hjeraðslækni.

XVI. *Um sektir o. fl.*

38. gr.

Mál, sem rís út af samþykkt þessari, skal farið með eins og almenn lög-reglumál.

39. gr.

81

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sektum. 28. okt.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. nóvember þ. á., og er þá úr gildi fallin heilbrigðissamþykkt fyrir Vestmannaeyjakauptún og sjóþorp frá 25. júní 1903.

Þetta er hjér með gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. október 1925.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.

REGLUGJÖRÐ

82

12. nóv.

um

breyting á reglugjörð um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglu-
fjarðarkaupstað, frá 30. júní 1921.

1. gr.

2. gr. reglugjörðarinnar breytist þannig að

fyrir 6‰	komi 3‰
— 5‰	— 2½‰
— 4‰	— 2‰
— 3‰	— 1½‰
— 2‰	— 1‰

Lækkun þessi nær þó ekki til síldarverksmiðjuhúsa.